



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA


Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2024

Anja K. Nickel
Sigurður Halldór Árnason

Janúar 2025

NV nr. 05-25a

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Janúar 2025
Skýrsla nr: NV nr. 02-25a	Verknúmer: 640	Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Blaðsiður: 28	
Heiti skýrslu: Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2024		Unnið fyrir: Náttúrustofa Vestfjarða
Höfundur: Anja K. Nickel, Sigurður Halldór Árnason		Verkefnastjóri: Anja K. Nickel
Undirskrift verkefnastjóra: 		Styrkumsókn: Margrét Thorsteinsson

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	4
INNGANGUR	5
Líffræði sjávarlúsa	5
Sjávarlús á villtum laxfiskum	6
Áhrif sjávarlúsa á heilsu fiska	7
Iðnaður og sjávarlúsameðferð	7
AÐFERÐIR	8
Vettvangsvinna	9
Gagnavinnsla og undirbúningur	10
Gagnagreining	10
NIÐURSTÖÐUR	11
Fiskafli og lúsamagn	12
Lífstíg sjávarlúsa	12
Áhættumat	13
Gagnagreining	14
UMRÆÐA	14
Hitastig sjávar	14
Laxalús á eldisfiski	15
Veiðiaðferð	16
Afleidd áhrif og annars konar lúsameðferðir	16
Niðurstaða og ráðleggingar	17
ÞAKKIR	18
HEIMILDIR	19
VIÐAUKI	23

ÁGRIP

Laxeldisiðnaður, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu, stendur frammi fyrir víðfemum áskorunum vegna fjölda sjávarlúsa smita sem hafa skaðleg áhrif á velferð og heilsu bæði eldislaxa og villtra laxfiska. Þessi rannsókn kannaði sjávarlúsasmit á villtum laxfiski á Vestfjörðum en fylgst var sérstaklega með áhrifum hitastigs á magn lúsa og fylgni milli lúsafjölda á villtum fiski og eldisfiski. Alls voru skráðar 4.722 lýs á 174 fiskum og sjávarlýs fundust á um 70% þeirra fiska. Meðal ungiðis og fullorðinna lúsa reyndust 98% þeirra vera laxalýs (*Lepeophtheirus salmonis*) en aðeins tvær fiskilýs (*Caligus elongatus*) greindust.

Rannsóknin leiddi í ljós töluverðan breytileika í magni sjávarlúsa eftir mánuðum og sýnatökustöðum. Niðurstöður benda til þess að vatnshiti sé sterkur drifkraftur fyrir magn sjávarlúsa á villtum laxfiskum, þar sem fylgni er á milli hærra hitastigs og aukins fjölda smita. Gögnin sýndu enn fremur sterka fylgni á milli lúsamagns á villtum fiski og magns fullorðinna kvenkyns laxalúsa í nærliggjandi fiskeldisstöðvum. Marktækt fleiri smittilvik fundust í villtum fiski frá svæðum þar sem hátt magn fiskilúsa fannst í fiskeldisstöðvum, sérstaklega þegar heimkynni þeirra voru nálægt netakvíum.

Niðurstöður okkar undirstrika aukna þörf á betri stjórnunaraðferðum sem draga geta úr áhrifum laxalúsar á villtan fisk, þar á meðal strangari reglur um magn lúsa í eldisstöðvum, bætt eftirlitskerfi og þróun nýrra eftirlitsaðferða. Þess háttar aðgerðir eru nauðsynlegar ef vernda á heilsu bæði villtra fiska og eldisfiska en lágmarka um leið vistfræðilega áhættu af lúsasmiti.

INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur fækkað mikið í stofni Atlantshafslax (*Salmon salar*) í Norður-Atlantshafi og er þar um að kenna fjölmörgum náttúrulegum streituvöldum, en einnig er hægt að tengja það við mengun, hlýnun sjávar og ofnýting hafsvæða (Dadswell o.fl., 2021). Að sama skapi hafa skýrslur um bleikjustofna (*Salvelinus alpinus*) bent á alvarlega fækkun í íslenskum stofnum og tengsl hennar við hlýnun sjávar og aukinn fjölda sníkjudýra (Malmquist o.fl., 2009; Simmons o.fl., 2019). Hröð stækkun í fiskeldisiðnaði á undanförunum árum hefur verið tengd við þessa fjölmörgu streitubætti, svo sem mengun, erfðablöndun, sem og fjölgun sníkjudýrasmita, sem geta leitt til dauða laxfiska (Bouwmeester o.fl., 2020; Quero o.fl., 2020).

Ein helsta áskorun sem íslenskur og alþjóðlegur laxeldisiðnaður stendur frammi fyrir í dag er hátt hlutfall sjávarlúsasmita en slík smit hafa veruleg áhrif á velferð og heilsu bæði eldisfiska og villtra laxfiska (Cerbule o.fl. 2020; Torrisen o.fl., 2013). Fækkun í laxastofnum á Íslandi, og á heimsvísu, undirstrikar hversu brýnt það er að rannsaka sjávarlúsasmit. Söfnun gagna um sjávarlúsasmit á villtum laxfiskum er mikilvægt skref í átt að því að skilja þau áhrif sem smit hefur á heilsufar fiska og til þess að þróa árangursríkar mótvægisáðgerðir til að styðja við sjálfbærni laxfiskastofna á Íslandi.

Ísland er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og er sjötti stærsti framleiðandi Atlantshafslax, en heildarframleiðsla eldislaxa náði 52.389 tonnum í október 2024 (Matvælastofnun, 2024a). Fiskeldi er nú mikilvægur hluti af atvinnulífi á Íslandi og hefur greinin lagt mikið af mörkum til samfélagsins með atvinnusköpun, útflutningstekjum og byggðaþróun. Áhrifin eru sérlega mikil á Vestfjörðum og Austfjörðum, aðalsvæðum sjávareldis á Íslandi, þar sem sjókvíar eru staðsettar.

Um 85% af fiskeldi á Íslandi er í sjó og er fiskurinn vanalega alinn í opnum sjókvíum. Þessi aðferð gerir ráð fyrir opnum skiptum á vatni, næringarefnum og lífverum á milli sjókvíarumhverfisins og vistkerfisins í kring. Fjölmargar rannsóknir sýna hver möguleg umhverfisáhrif fiskeldis í opnu hafi geti verið, þar á meðal næringarefnamengun (Arechavala-Lopez o.fl., 2022), uppbrot á búsvæðum (Bath o.fl., 2023) og útbreiðslu sjúkdóma (Assefa o.fl., 2018) og sýnir mikilvægi umhverfisvöktunar.


Þrátt fyrir að efnahagur á Íslandi sé háður auðlindum sjávar er engin umfangsmikil, langtíma umhverfisvöktunaráætlun fyrir hendi til að meta áhrif fiskeldis á náttúrulegt sjávarlíf. Löggjöf um fiskeldisiðnað er upprunnin á áttunda áratugnum og var sett á sínum tíma til að styðja atvinnugrein sem þá var í þróun. Þrátt fyrir mikinn vöxt greinarinnar undanfarinn áratug hefur regluverkið ekki verið uppfært nægilega vel til þess að stjórna núverandi umfangi hennar á skilvirkan hátt. Nauðsynlegt er að koma á stöðugri vöktun ásamt því að sinna rannsóknarvinnu sem tryggi sjálfbærni fiskeldishátta og dragi úr neikvæðum áhrifum á vistkerfi hafsins.

Líffræði sjávarlúsa

Sjávarlús eru sníkjudýr (krabbadýr) sem eyða meirihluta ævi sinnar áföst við fiskhýsilinn. Tvær tegundir sjávarlúsa geta mögulega herjað á laxfiska á íslenskum strandsvæðum: fiskilús

(*Caligus elongatus*) og laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*). Fiskilúsin er sníkjudýr sem herjar á ýmsar fisktegundir en laxalúsin er hýsilsértæk og festir sig eingöngu við laxfiska. Á Íslandi hefur fiskilús alltaf verið þáttur í vistkerfi fiska en magn laxalúsar jókst gríðarlega eftir stofnun fiskeldis á Íslandi (Matvælastofnun, 2024b).

Eftir að egg lúsarinnar klekjast út dreifist sviflúsin um sjávarsvæðið þar sem hún þróast yfir á krabbaflóastig og getur þá smitað fisk (Boxaspen, 2006). Á þessu stigi festir lúsin sig við hýsilinn og hreyfir sig ekki af honum (Byrne o.fl., 2018). Á meðan lúsin er föst við fiskinn hefur hún hamskipti og þroskast í gegnum mörg ungbroskastig og nærast á slími, hreistri og blóði fisksins. Lýsnar fá hreyfigetu á ný þegar þær ná ungvíðis- eða fullorðinsstigi og geta þá fært sig yfir á nýjan hýsil. Dreifing ungvíðis og fullorðinna lúsa getur komið til vegna þéttleika lúsastofnsins eða ef einstaklingar af hinu kyninu eru ekki til staðar á núverandi hýsli (Connors o.fl., 2011). Líftími kvenkyns laxalúsa við aðstæður á rannsóknarstofu sýnir að einstök kvendýr lifa í allt að 210 daga. Kynslóðartími sjávarlúsa fer eftir hitastigi og spannar á bilinu 6 vikur (við 9°C) og 8-9 vikur (við 6°C) (Samsing o.fl., 2016). Þrátt fyrir að köld og dimm vetrarskilyrði dragi verulega úr þroskatíma eggja og lirfa fer æxlunarferill laxalúsar fram allt árið um kring (Boxaspen og Næss, 2000).



Mynd 1. Mismunandi þroskastig laxalúsarinnar (*Lepeophtheirus salmonis*) (Eichner et al., 2015).

Sjávarlús á villtum laxfiskum

Í hafinu umhverfis Ísland finnast þrjár innfæddar tegundir laxfiska; Atlantshafslaxinn, sjóbirtingur (*Salmo trutta*) og bleikja. Allar tegundirnar eru, að minnsta kosti að hluta til, vatnagöngufiskar sem þýðir að þær færa sig á milli ferskvatns og sjávar. Fullorðnir laxfiskar flytjast til ferskvatnsbúsvæða á haustin til hrygningar og snúa aftur til sjávar snemma sumars, þar sem þeir eyða sumarmánuðunum í fóðrun. Á þessum tíma festir sjávarlúsin sig við fiskinn og lifir á hýslinum þar til laxfiskarnir ganga aftur í ferskvatnið.

Lifun sjávarlúsa í ferskvatni fer eftir lífsstigi hennar: nýútklaktar lirfur geta ekki lifað lengur en í klukkutíma á meðan stærri lirfur og ungvíði halda út í nokkra daga (Wright o.fl. 2016).

Fullorðin lús getur hins vegar verið á laxfiskum í að minnsta kosti átta daga eftir að þeir fara í ferskvatn. Þar sem laxfiskar lifa í ferskvatni yfir vetrartímann losna þeir þá við sjávarlúsina á náttúrulegan hátt. Samhliða því veldur ferskvatnsganga laxfiska á veturna truflun á lífsferli lúsa þar sem þær finna sér ekki hýsil yfir vetrartímann. Aftur á móti er eldisfiskur í netakvíum í sjónum allt árið um kring og þar þrífast laxalýs vel við nær fullkomnar aðstæður – þrátt fyrir lágt hitastig (Matvælastofnun, 2024b). Þetta viðvarandi framboð á hýslum gerir lúsinni kleift að viðhalda lífsferlinum og eykur hættuna á endursmiti í villtum fiskistofnum í nágrenninu.

Áhrif sjávarlúsa á heilsu fiska

Laxalús er sníkjudýr sem nærast á slími, hreistri og blóði fiska og veldur með því alvarlegum heilsufarsvandamálum í hýslinum. Sýktir fiskar hafa hækkað kortisólmagn í blóði, truflanir á osmósutemprun og veiklað ónæmiskerfi (Gallardi o.fl., 2019). Samlögð áhrif skertrar ónæmissvarnar og tap á hlífðarslímlagi gerir fiskinn afar viðkvæman fyrir veirusýkingum og sjúkdómum (Barker o.fl., 2019). Þessi áhrif bætast við afleidd áhrif, þar á meðal skertan vöxt, verri sundgetu og vangetu til fjölgunar, en þetta leiðir að lokum til verulegrar aukningar á fiskdauða ásamt minnkandi frjósemi (Bui o.fl., 2016; Grimnes og Jakobsen, 1996).

Áhættuvísitala fyrir laxalús sem ætlað er að mæla dánarhættu og heilsuskaða fiska vegna sjávarlúsasmits, var sett fram í Noregi af Taranger o.fl. (2015) og er byggð á sýkingatölu sem lýst er sem fjölda laxalúsa á hvert gramm af fiskþyngd. Dánartíðni laxfiska er metin 100% þegar laxfiskar (>150 g) eru sýktir af 0,15 lús/g, og 0,3 lús/g fyrir unglaxfiska (<150 g) (Taranger o.fl. 2015). Þetta mat er byggt á alþjóðlegum rannsóknnum sem gerðar hafa verið, bæði á vettvangi og við náttúrulegar aðstæður, og undirstrikar þau alvarlegu áhrif sem sjávarlús getur haft á vöxt laxfiska, æxlunarárangur þeirra og lifun.

Iðnaður og sjávarlúsameðferð

Fjölgun sjávarlúsa í eldiskvíum kallar á meðhöndlun sem hefur í för með sér verulegan kostnað fyrir fiskeldisiðnaðinn og hefur skaðleg áhrif á sjávarlífríki í nærumhverfinu. Algengustu sjávarlúsameðferðir (eiturefni) sem notaðar eru á Íslandi eru Alpha Max©, Salmosan© og Slice©. Slice© er gefið sem fóðurlyf en Salmosan© og Alpha Max© eru ætluð til útvortis notkunar og er dælt inn í kvíarnar þar sem fiskarnir eru baðaðir í blöndunni. Efnaböðun fisks hefur í för með sér mikinn fjármagnskostnað fyrir fiskeldisfyrirtæki. Auk þess hefur hátt hlutfall sjávarlúsasmits í eldisfiski leitt til neyðarslátrunar. Sem dæmi má nefna að árið 2023 þurfti að slátra og farga öllum 2.936.917 Atlantshafslöxum úr 12 netakvíum í Tálknafirði (Matvælastofnun, 2023). Þetta gífurlega tap á eldisfiski var rakið til meiri háttar sjávarlúsasmits sem líklega stafaði af lélegum forvörnum og síðbúnum viðbrögðum fiskeldisiðnaðarins sem og yfirvalda (Matvælastofnun, 2024b).

Fjárhagslegur kostnaður af sjávarlúsasmiti kemur til vegna meðferðarkostnaðar og framleiðslutaps vegna minni vaxtar og aukins fiskdauða. Þessi kostnaður hefur verið áætlaður á bilinu 0,2 evrur/kg (Costello, 2009) og 0,44 evrur/kg (Abolofia og Wilen, 2017). Miðað við verðbólgu (byggt á *vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs*) væri áætlaður kostnaður fyrir árið 2024 hvor um sig 74 ísk./kg. og 110 ísk./kg. Miðað við fjölda eldisfiska í

netakvím í október 2024 (Matvælastofnun, 2024a) er áætlað árlegt fjárhagslegt tjón íslensks fiskeldis vegna sjávarlúsasmits á bilinu 2,9 til 4,8 milljarðar íslenskra króna (sjá útreikninga í viðauka).

Þessi kostnaður tekur aðeins til taps á fjármunum innan greinarinnar. Heilsufar og dánartíðni villtra laxfiska í tengslum við sjávarlúsasmit á svæðum þar sem öflugt fiskeldi er stundað voru ekki tekin með inn í fjárhagslega útreikninga hér að ofan. Dánartíðni villtra laxfiska af völdum sjávarlúsa hefur verið metin 18% af heildardánartíðni (Vollset o.fl., 2016). Á svæðum í Noregi þar sem mikið lúsaálag er, hefur dánartíðni eftir að seiðastigi lýkur hjá laxfiskum sem flytjast búferlum eftir árstíðum verið ákvarðað $> 30\%$. Áætlanir frá norsku vísindaráðgjafanefndinni um Atlantshafslax (Norwegian Scientific Advisory Committee for Atlantic Salmon) benda til þess að laxalús hafi fækkað endurgöngulöxum sem skiluðu sér í Noregi um 118.000 á milli áranna 2012 og 2019 (VRL, 2020).


Þessi rannsókn nær yfir fjölda sjávarlúsasmita í villtum laxfiskum á Vestfjörðum í júlí og ágúst 2024. Meginmarkmið hennar voru að (1) bera saman magn lúsa á mismunandi svæðum, (2) kanna áhrif hitastigs á magn lúsa og (3) kanna sambandið á milli lúsamagns á villtum fiski og eldisfiski. Niðurstöður rannsóknarinnar geta haft áhrif á sjávarlúsastjórnun í íslensku fiskeldi og stuðlað að verndun villtra laxfiskastofna.

AÐFERÐIR

Rannsóknin var gerð á Vestfjörðum þar sem ferskvatnsgangandi laxa-, bleikju- og sjóbirtingsstofnar lifa í fjörðunum yfir sumarmánuðina. Rannsóknarstaðir voru valdir nálægt ám sem vitað er að hýsi laxfiskastofna, svo og í fjörðum með og án virkrar fiskeldisstarfsemi (Mynd 1). Veiðistaðirnir voru nefndir eftir viðkomandi fjörðum: Veiðileysufjörður (VL) og Leirufjörður (LEI) í Jökulfjörðum, Kaldalón (KAL) í Ísafjarðardjúpi, Borgarfjörður (BF) og Trostansfjörður (TR) í Arnarfirði, Tálknafjörður (TA), og Patreksfjörður (PA). **Óhagstæð veðurskilyrði sumarið 2024 trufluðu sýnatökuáætlunina sem varð til þess að ákveðið var að hætta sýnatöku á Austfjörðum.**



Mynd 2. Netaútlagning í Arnarfirði.



Mynd 1. Veiðistaðir sjávarlúsaeftirlits í júlí og ágúst 2024. Fiskeldissvæði eru merkt með rauðu. (kort: Hulda Birna Albertsdóttir.

Vettvangsvinna

Sýni voru tekin með reknetum (möskvastærð 21 mm og 24 mm) á hverjum rannsóknarstað í júlí og ágúst 2024. Á hverjum veiðistað (Mynd 1) voru sex net sett í sjóinn í nálægð við laxveiðiár og nálægt gróskum, grýttum fjörum sem eru hentug búsvæði laxfiska. Netunum var komið fyrir hornrétt á strandlínuna með um það bil 50 m til 100 m millibili til að tryggja skilvirka útbreiðslu og lágmarka skörun. Hvert reknet var 25 m langt og 2 m djúpt og hafði flotholt á efri brún og lóð á þeirri neðri. Net voru höfð í vatninu í 6 klst. á hverjum af þeim þremur samliggjandi dögum sem mælingar voru gerðar í báðum mánuðum, eða þar til æskilegum fjölda fiska var náð. Æskileg sýnataka var metin 25 til 30 fiskar í hvorum mánuði en sá fjöldi náðist ekki alltaf vegna slæmra veðurskilyrða og stundum vegna dræmra veiða. Á meðan netin

voru í vatninu voru þau undir stöðugu eftirliti og fiskur sem veiddist var fjarlægður tafarlaust til að koma í veg fyrir að sjávarlús flæktist í netinu, skaðaðist eða dræpist. Dauðir fiskar voru, hver fyrir sig, settir í sérmerкта poka og geymdir í kæli til varðveislu þar til hægt væri að flytja þá á rannsóknarstofu.

Upplýsingum um sjávarhita, leiðni og uppleyst súrefni var safnað á hverjum sýnatökudegi í nálægð við netin við yfirborð vatnsins og á 1 m og 2 m dýpi. Eftirfarandi tæki voru notuð til að mæla breytur í vatninu:

Hitastig:	HQ40d (Hach), CastAway CTD (Son Tek)
pH:	HQ40d með PHC101 nema (Hach), CastAway CTD (Son Tek)
Leiðni:	HQ40d (Hach), CastAway CTD (Son Tek)
Uppleyst súrefni:	HQ40d með LDO rannsaka (Hach)

Gagnavinnsla og undirbúningur

Þau gögn sem tekin voru saman á rannsóknarstofunni voru fisktegundir, líkamslengd og þyngd, og upplýsingar um sjávarlýsnar: tegund (*Lepeophtheirus salmonis* eða *Caligus elongatus*), kyn og lífsstig þeirra sem fundust fastar á fiskinum. Tegund og kyn lúsanna voru greindar á fullorðins- og ungviðisstigi en þó ekki fyrir hreyfistig, þar á meðal krabbasvif og lírfur. Aflahlutfall var reiknað fyrir hvern stað og mánuð með því að deila fjölda fiska með fjölda neta og veiðistundum. Lúsatalning af veiddum laxfiskum var notuð til að ákvarða smittíðni, magnfest sem útbreiðsla (hlutfall sýktra fiska), magn (meðalfjöldi lúsa á hvern fisk, bæði sýkta og ósýkta) og styrk sýkingar (meðalfjöldi lúsa á hvern sýktan fisk) á hverjum stað og degi fyrir sig (Bush o.fl., 1997).

Áhættumatið gefur vísbendingar um áhrif sjávarlúsa á fiskdauða, skertan vöxt eða lækkaðan æxlunarárangur og var byggt á norsku áhættumati fyrir sjálfbært fiskeldi (Norwegian Risk Assessment for Sustainable Aquaculture) (Taranger o.fl., 2015). Áhættustig fyrir laxalúsasmit er metið út frá fjölda lúsa á hvert gramm af fiskþyngd með þröskuldum sem skilgreina „lágt“, „í meðallagi“ og „hátt“ áhættustig (Taranger o.fl., 2015). „Hátt áhættustig“, metið við 100% dánartíðni, er skilgreint sem smittíðni upp á $\geq 0,15$ lús á gramm fyrir laxfiska sem vega yfir 150 g og $\geq 0,3$ lús á gramm fyrir laxfiska sem eru undir 150 g að þyngd. Aftur á móti er „lágt áhættustig“ metið smittíðni á milli 0,1 og 0,2 lús á gramm fyrir laxfiska yfir 150 g og undir 0,01 lús á gramm fyrir ungfiska undir 150 g (sjá S_Töflu 1 fyrir frekari upplýsingar).

Hlutfall fullorðinna kvenkyns laxalúsa á eldislaxi á hverju sýnatökusvæði var fengið úr ASC skýrslum frá Arnarlaxi (arnarlax.is) og Arctic Sea Farm (arcticfish.is) og frá *Fishtalk* hjá Háafell. Meðalgildi vikulegra hámarkslúsahlutfalla var reiknað fyrir hvern mánuð og fjörð. Fjarlægð milli veiðistaða og næstu netakvíva var reiknuð út frá stystu sjóleið.


Gagnagreining

Almennt línulegt líkan (GLM) var útbúið til að kanna áhrif hitastigs, lúsamagns í fiskeldisstöðvum og fjarlægð frá fiskeldisstöðvum á lúsamagn á villtum laxfiskum.

Skýringarbreytur voru meðal annars *mánuður* (júlí og ágúst), *lengd* fiska (TL), *meðalhitastig* vatns mælt á veiðistöðum fyrir hvern mánuð, magn fullorðinna *kvenlúsa á eldisfiski* og fjarlægð milli veiðistaðar og næstu netakví. Líkanið var búið víxlverkunaráhrifum *lúsa á eldisfisk* og fjarlægðar. Svarbreytan var magn lúsa á einstökum villtum laxfiskum, þar á meðal fiski án lúsa. Tölfræðihópun (e. statistical family) var neikvæð tvínefnadreifing með logruðu hlekkjafalli. Líkanið var útfært með *glm.nb* aðgerðinni úr MASS pakkanum í RStudio (Studio Team, 2020). Líkansgreiningin tók m.a. til skoðunar á sniðnum leifum, leifarfrávikum með Kolmogorov-Smirnov (KS) prófi ($p=0,2$) og fráviksprófi ($p=1$) með því að nota R pakka DHARMA (Hartig, 2022).

NIÐURSTÖÐUR

Alls veiddust 174 laxar á Vestfjörðum í júlí og ágúst árið 2024; af þeim voru 93 bleikjur, 80 sjóbirtingar og 1 Atlantshafslax. Tegundasamsetningin sýndi greinilegan mun á dreifingu eftir breiddargráðum; stærstur hluti þeirra fiska sem veiddust í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum var bleikja en sjóbirtingur var algengasta fisktegundin sem veiddist í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Líkamslengd (TL) bleikju var á bilinu 17,4 til 44,1 cm (meðaltal= 27,2 cm) en líkamslengd sjóbirtings var á bilinu 14,1 til 53,4 cm að lengd (meðaltal= 26,3 cm) (Mynd 2). Enginn fiskur veiddist í Borgarfirði (Arnarfirði).



Mynd 2. Kassarit fyrir líkamslengd fiska, reiknuð fyrir hvern sýnatökustað í júlí og ágúst 2024. Aflatölur frá hverjum sýnatökustað og mánuði eru tilgreindar fyrir neðan hvern kassa. Punktar gefa til kynna lengd einstakra fiska ásamt upplýsingum um tegund (litur). Hver kassi táknar 50% af fisklengdinni sem dreift er á milli 1. og 3. fjórðungs og lengd skynhára er takmörkuð við 1,5*millifjórðungsbil.

Fiskafli og lúsamagn

Alls voru skráðar 4722 lýs á 174 fiskum og sjávarlýs fundust á um 70% þeirra fiska sem fangaðir voru. Meðal ungvíðis og fullorðinna lúsa reyndust 98% þeirra vera laxalýs (*Lepeophtheirus salmonis*) en aðeins tvær fiskilýs (*Caligus elongatus*) greindust. Sjávarlúsafjöldi var meiri í júlí ($n = 3996$) samanborið við ágúst ($n = 726$) (Tafla 1). Mesti lúsafjöldi fannst á sjóbirtingi úr Trostansfirði í Arnarfirði í ágúst en hann reyndist bera 283 lýs á sér. Á heildina litið var marktækt meiri lúsafjöldi á sjóbirtingi, að meðaltali 62,5 lús á hverjum fisk samanborið við bleikju sem hafði að meðaltali 8,7 lús á hvern fisk. Mesti fjöldi lúsa fannst á fiskum úr Trostansfirði ($n=1619$) og Tálknafirði ($n=2589$) bæði í júlí og ágúst (tafla 1). Fyrir alla staði og rannsóknartímabil var útbreiðsla á bilinu 0,2 (LEI í júlí) til 1,0 (TR í ágúst), magn á bilinu 1 (KAL í ágúst) til 81,9 (TR í júlí) og styrkur á bilinu 2,2 (KAL í ágúst) til 127,3 (TR í júlí) (Tafla 1).

Tafla 1. Samantekt yfir fjölda laxfiska, lúsafjölda, útbreiðslu lúsa, magn og styrk (meðaltal $\pm$ staðalfrávik) fyrir hvern rannsóknarstað og mánuðina júlí og ágúst. Útbreiðsla: hlutfall sýktra fiska; magn: meðalfjöldi lúsa á hvern fisk af öllum fiskum; styrkur: meðalfjöldi lúsa á hvern sýktan fisk.


Veiðistaður	Fjöldi fiska	Fjöldi lúsa	Útbreiðsla	Magn	Styrkur
JÚLÍ					
LEI	14	18	0,2	1,3 ($\pm 4,3$)	6 ($\pm 8,7$)
KAL	26	371	0,8	14,3 ($\pm 16,6$)	16,9 ($\pm 16,8$)
TR	14	1146	0,6	81,9 ($\pm 94,4$)	127,3 ($\pm 89,2$)
TA	31	2423	0,9	78,2 ($\pm 58,2$)	86,5 ($\pm 54,9$)
PA	6	38	0,8	6,3 ($\pm 6,3$)	7,6 ($\pm 6,2$)
ÁGÚST					
VL	28	45	0,6	1,6 ($\pm 2,2$)	2,8 ($\pm 2,2$)
KAL	23	22	0,4	1 ($\pm 1,5$)	2,2 ($\pm 1,5$)
TR	11	473	1,0	43 ($\pm 81,1$)	43 ($\pm 81,1$)
TA	15	166	0,6	11,1 ($\pm 12,9$)	18,4 ($\pm 11,8$)
PA	7	20	0,9	2,9 (± 2)	3,3 ($\pm 1,6$)

Sýnatökutímar á hverjum stað og mánuði voru háðir veðurskilyrðum og árangurs veiðanna. Afli fór aðeins einu sinni yfir 30 fiska, það var í Tálknafirði í júlí en þá veiddist 31 fiskur. Aflahlutfall, skilgreint sem fjöldi fiska á hverja veiðistund og net, var á bilinu 0,09 (Patreksfjörður í júlí) til 0,65 (Veiðileysufjörður í ágúst) (S-Tafla 2).

Lífsstig sjávarlúsa

Laxalýs á kyrrsætistigi fundust aðallega í júlí og voru 88,6% af heildarlúsafjölda sem fannst. Hópur þeirra samanstóð fyrst og fremst af lirfum (94,3%), en aðeins 5,7% reyndust vera krabbasvif í báðum mánuðum. Hlutfall aldurstiga fyrir ungvíði og fullorðna einstaklinga jókst frá júlí til ágúst á öllum stöðum. Af ungvíði og fullorðnum lúsum í ágúst voru 99% þeirra laxalýs

(SL) og af þeim voru 40% kvendýr og 60% karldýr. Aðeins 2 fiskalýs (FL) fundust á laxfiskunum og voru þær báðar kvenkyns ungvíði (KAL og TA). Fiskur úr Tálknafirði var bæði með mesta magn lúsa á kyrrsætnistigi (n=2316) og ungvíði (n=105) í júlí sem og flest ungvíði (n=82) og fullorðnar lýs (n= 21) í ágúst. Mestur fjöldi lúsa á kyrrsætnistigi (n=420) í ágúst fannst á fiski úr Trostansfirði (Mynd 3, S_Tafla 3).




Hæsta hitastig sem mældist í Tálknafirði, Patreksfirði og Kaldalóni í júlí var 12,4°C, 11,8°C og 11,1°C, í sömu röð. Hitastig í Leirufirði og Trostansfirði í júlí var 9,2°C og 8,6°C, í sömu röð. Í ágúst mældist hæsti hiti við sunnanverða Vestfirði (TA, TR og PA) og var á bilinu 10,6°C til 11,0°C en hitastig í Ísafjarðardjúpi (með KAL) og Jökulfjörðum (með VL) var fremur svalt, 8,8°C. C og 8,7°C, í sömu röð (S_Tafla 4, upplýsingar í S_Töflu 5).

Áhættumat

Í júlí reyndist áhættustig vera hátt eða miðlungshátt hjá yfir 60% af þeim fiski sem veiddur var. Nánar tiltekið var 35% fisks í Kaldalóni í mikilli áhættu og 27% í meðal áhættu. Í Trostansfirði voru 64,3% fiskar flokkaðir á háu áhættustigi og í Tálknafirði voru 87,1% fiskanna í mikilli áhættu en 3,2% þeirra í áhættu af meðallagi. Andstætt því reyndist lægra hlutfall miðlungs- eða hááhættustiga í bæði Leirufirði (7,7% hátt áhættustig) og Patreksfirði (16,7% miðlungsaáhættustig) og áhrifin náðu aðeins til fárra fiska í júlí. Í ágúst var hlutfall fisks á háu eða miðlungsmiklu áhættustigi á bilinu 20% til 45,5%. Af þeim fiski sem veiddur var í

Trostansfirði voru 45,5% fiska í mikilli áhættu og 36,4% í áhættu af meðallagi. Í Tálknafirði voru 23,5% laxfiska í mikilli áhættu og 17,7% í áhættu af meðallagi í ágúst. Í Kaldalóni voru 20,8% af fiski í miðlungsmikilli áhættu. Auk þess var allur fiskur í Veiðileysufirði og Patreksfirði í ágúst settur á lágt áhættustig sem gefur til kynna lágmarks lúsasmit á þessum svæðum á því tímabili (mynd 4).



Mynd 4. Hlutfall áhættustigs reiknað fyrir hvern veiðistað og mánuð miðað við norska áhættumatið fyrir sjálfbært fiskeldi (Taranger o.fl. 2015). Tölurnar sem sýndar eru efst í hverjum dálki tákna fjölda fiska sem veiddir voru á hverjum stað eftir mánuði og taka bæði til fisks sem er þyngri og léttari en 150 g.

Gagnagreining

Niðurstöður GLM gáfu til kynna marktæka aukningu smittilvika lúsa á villtum laxfiskum með hærri fjölda smittilvika í sjókvíum ($p < 0,001$). Þessi áhrif mögnuðust með aukinni nálægð við eldisstöðvarnar ($p < 0,001$). Lúsamagn jókst einnig marktækt með hitastigi ($p < 0,001$) og milli júlí og ágúst ($p = 0,04$). Auk þess sýndu smærri fiskar meira lúsamagn samanborið við stærri fiska ($p = 0,01$). Líkansgreining benti ekki til marktækra frávika frá áætlaðri dreifingu (KS-próf, $p = 0,2$), engra öfgakenndra útlaga ($p = 1$) og engrar marktækar ofdreifingar (S_Tafla 6)

UMRÆÐA

Hitastig sjávar

Niðurstaða rannsóknarinnar benda til þess að töluverður breytileiki sé á magni sjávarlúsa, bæði milli mánaða og á milli sýnatökustaða. Niðurstöður líkansins benda til þess að vatnshiti

sé sterkur drifkraftur fyrir magn sjávarlúsa á villtum laxfiskum, þar sem fylgni er á milli hærra hitastigs í sjó og aukins fjölda smita. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir þar sem hitastig gegnir mikilvægu hlutverki við að ákvarða þróun og vaxtarhraða laxalúsa (Sandvik o.fl., 2021). Þroskunartími styttest verulega með hækkandi vatnshita innan hitabilsins 6°C til 21°C (Hamre o.fl., 2019), sem leiðir að lokum til fleiri smittifella laxalúsa við hærra hitastig (Dalvin o.fl., 2020). Norska Hafrannsóknastofnunin greindi frá þrefaldri aukningu á laxalúsafjölda í Norður-Noregi í september 2024, sem hefur verið tengd við óvenju háan hita í sjó í Norður-Noregi (Hoddevik, 2024).

Í íslensku fiskeldi er fjöldi laxalúsasmita töluvert breytilegur milli eldissvæðanna tveggja: Vestfjarða og Austfjarða (Matvælastofnun, 2024b). Tilkynnt hefur verið um fjölgun laxalúsatilvika á Vestfjörðum í kjölfar stækkunar í fiskeldisiðnaði en fiskeldisstöðvar á Austfjörðum hafa greint frá lágmarkssmiti (Matvælastofnun, 2024b). Mismunandi hitastig sjávar gæti skýrt muninn sem er á magni lúsa á þessum tveimur svæðum. Á árunum 2015 til 2024 var meðalhiti sjávar á Austfjörðum (Stöðvarfirði) í ágúst 7,5°C ($\pm 0,9^\circ\text{C}$), samanborið við 10°C ($\pm 1,0^\circ\text{C}$) á Vestfjörðum (Æðey) (heimild: <https://sjora.hafro.is>).

Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa ennfremur sýnt að hlýnandi hitastig á Vestfjörðum frá norðri til suðurs virðist hafa áhrif á magn lúsa í mismunandi fjörðum. Fleiri lúsasmit hafa fundist í Arnarfirði og Tálknafirði á sunnanverðum Vestfjörðum en í Jökulfjörðum og Ísafjarðardjúpi á norðanverðum Vestfjörðum. Loftslagsspár gefa til kynna skýra tilhneigingu til hækkandi sjávarhita, sérstaklega á norðurskautssvæðinu og kaldtempruðum svæðum. Búist er við að þessi hlýnun stuðli að fjölgun og útbreiðslu laxalúsa, sem gæti hugsanlega aukið lúsasmit í fiskeldiskerfum á Íslandi í náginni framtíð (Sandvik o.fl., 2021).

Laxalús á eldisfiski

Rannsökuð voru svæði með bæði mikinn og lítinn eldispéttleika. Niðurstöður okkar sýna sterka fylgni á milli lúsamagns á villtum fiski og magns fullorðinna kvenkyns laxalúsa í nærliggjandi fiskeldisstöðvum. Villtir laxfiskar á svæðum með mikið magn lúsa í fiskeldisstöðvum sýndu marktækt fleiri lúsasmit. Þessi áhrif jukust enn frekar þegar fjarlægð á milli búsvæða laxfiska (veiðistaða) og næstu netakvíva var lítil.

Laxalús á krabbasvifstigi, sem oft er kallað hið smitandi lífsstig, dreifist á óvirkan hátt með hafstraumum en þetta er aðalsmitleið lúsa á milli eldisfisks og villtra fiska. (Boxaspen, 2006). Í Skotlandi hafa rannsóknir sýnt fram á meiri þéttleika lúsa á krabbasvifstigi í vötnum í kringum sjókvíar þegar þéttleiki Atlantshafslaxa í netakvíum er mikill, en það eykur hættuna á lúsasmiti í villtum fiski (Penston og Davies, 2009). Á Íslandi (Matvælastofnun, 2023) sem og í öðrum löndum, hefur stækkun fiskeldis leitt til verulegrar aukningar á magni laxalúsa, bæði innan og utan kvíanna (Dempster o.fl., 2021).

